# HRAFNTINNUSKER

## Ferðafélag Íslands - The Iceland Touring Association

## Gönguleiðir og náttúrvernd — *Hiking routes and nature protection*




### Hrafntinnusker er einstakt.

Þó hér sé auðn, veðurfarið hryssingslegt og þokan getur verið þaulsetin þá er Hrafntinnusker einn af magnaðri stöðum Íslands.
Engu að síður er náttúran viðkvæm og við höfum því viss atriði alltaf í huga þegar við ferðumst hér.

- Gangið á skilgreindum stígum séu þeir til staðar og gangið aldrei á mosa eða viðkvæmum gróðri.
- Tjaldið aðeins á merktum tjaldssvæðum
- Takið með ykkur allt sorp.
- Hlaðið ekki vörður né hróflið við jarðminjum.
- Það er með öllu óheimilt að taka héðan friðlýsta hrafntinnu eða aðra steina.

Skálaverðir eru hér á sumrin og hjá þeim má nálgast frekari fræðslu og upplýsingar um svæðið.

Njótið dvalarinnar.



Íshellar Hrafntinnuskeri
*Ice caves at Hrafntinnusker.*

*By cooperating we can minimize the impact on the area and so it can maintain it's value and provide visitors with an enjoyable experience.*
*Please follow the rules.*

- *Always use walking paths to minimize impact on nature and geological futures. Never walk on unspoiled moss.*
- *Take all rubbish with you from the area and bring it to the next waste depot.*
- *Camp only on camp ground. Do not camp outside designated camp grounds.*
- *Do not build cairns or disrupt geological formations.*
- *It's strictly forbidden to pick up and remove any Obsidian stones from the nature reserve here.*

*Seek out for wardens in the area for further information and instruction regarding the nature reserve.*

*Have a joyful stay.*

### 1. Söðull (1133m)

2 km. 1 - 2 klst.
Bæjarfjallið okkar hér er án efa Söðull. Þaðan sjáum við niðurskálans og allt umhverfis svæðið og á björtum dögum má sjá allt austur í Öræfajökul. Þetta er án efa einn allra besti útsýnisstaðurinn hér í næsta nágrenni.

### 2. Hrafntinnusker (1130m)

2 km. 1-2 klst.
Í góðu veðri er sjálfsagt að ganga á Hrafntinnusker. Þaðan er fallegt útsýni yfir svæðið hér vestur af og gangan er aflíðandi og öllum vel fær.

### 3. Íshellar

5 km. 2-3 klst.
Íshellarnir eru vart svipur hjá sjón miðað við það sem þeir voru fyrir einhverjum árum. Engu að síður eru gilin fallegur og stórbrotnir íshamrarnir eru tilkomumiklir og samspil íss og jarðhita á þessum stað er einstakt. Farið samt um af fyllstu varúð þar, því hrunið getur skyndilega úr ísnum og þarna hafa orðið alvarleg slys.
Einfaldast er að finna hellana með því að fara yfir Hrafntinnusker en þeir eru norð-vestan í brún skersins. Farið varlega þar fram af.

### 4. Gilið við skálann

0,5 km. 1 klst.
Auðveld ganga hér ofan í gilið rétt undir skálanum. Hér er gaman að sjá hvernig Ferðafélagið nýtir jarðhitan á svæðinu til að hita upp skálana. Verið samt svo góð að fikta ekkert í þeim viðkvæma búnaði sem þarna er.

### *1. Mt. Söðull (1133m)*

*2 km. 1 - 2 hrs.*
*The classic hike to take from the huts. An Ideal way to enjoy the evening by exploring these magnificent canyons. Easy hike, but tread safely near the edges of the canyons.*

### *2 . Mt. Hrafntinnusker (1130m)*

*2 km. 1 - 2 hrs.*
*A cozy gorge with Botnsá river flowing through it. It is the perfect place to explore after a long hike. You head east from the hut and hike upwards along the river. Please try and protect the sensitive vegetation.*

### *3. The ice caves at Hrafntinnusker.*

*5 km. 2-3 hrs*
*When it comes to choosing a good mountain with wiews in the immeditate locality of Laugar, Bláhnúkur is the most obvious. The route is well marked and has no hindrances, although care should be taken with rocks in some places if deviating from marked paths.*

### *4. The gorge by the hut*

*0,5 km. 1 hr.*
*Walk Laugavegur and cross the bridge over Emstruá. From there, head east to Entujökull. A peak that was hidden under a glacier not so long ago is by the foot of the glacier. Sometimes it is unreachable if the river is unpassable. From here there is a beautiful view of the area. The same route is taken on the way back.*

| | |
|---|---|
| Auðveld gönguleið / *Easy hike* | Krefjandi gönguleið / *Moderate hike* |
| Laugavegur gönguleið / *Laugavegur - hiking route* | Akvegir / *Roads* |

**Hér skellur oft á dimm þoka með litlum fyrirvara.**
Við viljum því vara alla sem ætla sér í gönguferðir út fyrir stikaðar leiðir að hafa þá hættu í huga og vera því alltaf með rötunarbúnað eins og áttavita, kort, GPS og fullhlaðna síma.

*More informations about other and longer hiking routes conditions and weather are available by rangers and wardens.*



Háskerðingur.